

FJÖLMENNINGARRÁÐ

Ár 2023, þriðjudaginn 28. nóvember var haldinn 65. fundur fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar. Fundurinn var í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.15.03. Fundinn sátu Magnea Gná Jóhannsdóttir, Helgi Áss Grétarsson, Christina Anna Milcher, Milan Chang Gudjonsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 2. málsli. 4. mgr. 44. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar sbr. 3. mgr. 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Monika Gabriela Bereza. Einnig sat fundinn Anna Kristinsdóttir. Joanna Marcinkowska ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um utanumhald um fjölmeningasamfélag á óvissutímum.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð hvetur Reykjavíkurborg og önnur stjórnvöld til þess að huga vel að upplýsingagjöf til fjölmeningarsamfélagsins þegar óvissuástand skapast, til dæmis vegna heilbrigðis- eða náttúruvárs. Það sama á við um gerð viðbragðsáætlana. Mikilvægt er að tryggja skilvirka upplýsingagjöf til íbúa sem hafa annað móðurmál en íslensku, t.d. að veiting upplýsinganna sé á tungumáli sem íbúarnir skilja. Huga þarf að því að tengslanet stjórnvalda við fjölmeningarsamfélagið sé öflugt, m.a. í því skyni að miðla upplýsingum áfram um náttúruvá til innflytjenda.

MSS22090148

2. Lagt fram bréf þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 8.nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar fjölmeningarráðs um drög að stafrænni stefnu Reykjavíkurborgar.

Samþykkt að fela formanni fjölmeningarráðs að vinna drög að umsögn um stefnuna í samráði við fulltrúa fjölmeningarráðs.

Eva Pandora Baldursdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. ÞON23010021

3. Fram fer umræða um könnun Félagsvísindastofnunnar, Einangrun eldra fólks – greining á einangrun og einmanaleika eldra fólks eftir uppruna. MSS23100054

4. Fram fer umræða um grænbók um málefni innflytjenda og flóttafólks. MSS23110080

Samþykkt að fela formanni fjölmeningarráðs að vinna drög að umsögn um Grænbók í samráði við fulltrúa fjölmeningarráðs.

5. Lagður fram samningur Reykjavíkurborgar um móðurmálkennslu, sbr. samþykkt borgarráðs þann 19.október sl.

Fjölmeningarráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Fjölmeningarráð fagnar samningi Reykjavíkurborgar við Samtökin Móðurmál og Vinasamtök pólska skólans um móðurmálkennslu. Samningurinn er mikilvægur liður í því að tryggja reykvískum börnum með annað móðurmál en íslensku

gjaldfrjálsa móðurmálskennslu. Í því felst viðurkenning á náminu sem fullgildu námi og tryggir um leið að foreldrar barna með annað móðurmál en íslensku geti nú nýtt frístundastyrkinn til að greiða fyrir frístundastarf barna í stað þess að nýta hann til greiða fyrir nám.

SFS23090177

6. Fram fer kynning um ráðstefnu Fjölmenningsborga sem fram fór í Bilbao á Spáni í nóvember 2023. MSS23030140

Fundi slitið kl. 16.27

Magnea Gná Jóhannsdóttir

Helgi Áss Grétarsson
Milan Chang Gudjonsson

Christina Anna Milcher
Monika Gabriela Bereza